

Til velferðarnefndar Alþingis

Efni: Umsögn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál.

Stjórn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri þakkar fyrir að fá að veita umsögn um þessa tillögu til þingsályktunar og lýsir ánægju með að hlutaðeigandi hagsmunaraðilum sé gefinn kostur á að veita umsögn. Stjórnin hefur fjallað um tillöguna til þingsályktunar og styður hana.

Stjórn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri telur að það sé mikilvægt að nýr Landspítali verði byggður en samhliða þarf að tryggja að sú fjármögnunarleið sem valin verður til framkvæmdar og rekstur spítalans komi ekki niður á öðrum rekstri og þjónustu í heilbrigðismálum í landinu. Brýnt er samhliða byggingu nýs Landspítala, sem þjónar öllum landsmönnum, að val á staðsetningu Reykjavíkurflugvallar sé í nærumhverfinu.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs

Sólveig Tryggvadóttir
Formaður hjúkrunarráðs
Sjúkrahússins á Akureyri

Afrit:

Bjarni Jónasson
Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri